

Fundargerð

Árið 2023, fimmtudaginn 9. febrúar kl. 13:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Hannesarholti að Grundarstíg 10 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinsyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir ráðgjafarnefndar frá 15. – og 28. desember 2022.

2. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum

Framlög vegna framkvæmda 2022

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 7. febrúar 2023, varðandi framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum árið 2022 á grundvelli heimildar í reglugerð nr. 180/2016. Jafnframt var lögð fram áætlun um framlög vegna veituframkvæmda á lögbýlum árið 2022. Alls er um að ræða framlög til 27 vatnsveitna samtals að fjárhæð 30,3 m.kr.

Árlegt hámarksframlag var um langt árabil 25 m.kr. en var hækkað í 31,6 m.kr. á síðasta ári á grundvelli heimildar í breytingarreglugerð um framlögin nr. 758/2022. Framlagið tekur árlegum breytingum í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar mælda í janúar ár hvert. Áætlað framlag í ár nemur 33,9 m.kr. en jafnframt greiðir sjóðurinn framlag til MAST vegna umsýslukostnaðar sem dregst frá úthlutuðu framlagi.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja hækkun hámarksframlags að fjárhæð 33,9 m.kr. og áætlun um framlög vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum árið 2022.

3. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Framlög vegna samstarfsverkefna 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 7. febrúar 2023, varðandi sóknaráætlan landshluta 2023. Allt frá árinu 2012 hefur Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komið að greiðslu framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu *Sóknaráætlanir landshluta*. Framlögin eru veitt á grundvelli e. liðar 7. gr. reglugerðar 1088/2018 um Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Framlagið er ætlað að koma til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundarhalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan landshluta og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði til að við útreikning framlagsins yrði tekið mið af hækkun neysliverðsvísitölu og launavísitölu fyrir árið 2022. Myndi framlagið fyrir 2023 þá vera um 47,6 m.kr. sem er hækkun um 3,7 m.kr. miðað við árið 2022.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framlag að fjárhæð 47,6 m.kr. vegna samstarfsverkefna landshlutasamtaka sveitarfélaga árið 2023.

4. Framlög vegna samþættingar í þjónustu við börn

Endanleg framlög ársins 2023

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun framlaga vegna samþættingar í þjónustu við börn árið 2023.

Jöfnunarsjóður veitir framlög á grundvelli reglugerðar nr. 1593/2022 til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna að fjárhæð 1.100 m.kr á árinu 2023. Úthlutun framlaga er á grundvelli 4 breyta sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2022.
2. Fjöldi barna með stuðning í leik- og grunnskólum.
3. Fjöldi barna á lágtekjuheimilum.
4. Fjöldi barna af erlendum uppruna.

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 15. desember sl. áætluð framlög fyrir árið 2023 en þar sem ekki lágu fyrir uppfærð gögn um fjölda barna á lágtekjuheimilum vegna tekna 2021 og uppfærslu á

meðalfjöldabarna með stuðning í grunn- og leikskóla þarf nú að enduráætla framlögin. Þessi gögn liggja nú fyrir og meðfylgjandi yfirlit sýnir enduráætluð framlög fyrir árið 2023.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja endanlega áætlun framlaga vegna samþættingar í þjónustu við börn árið 2023 að fjárhæð 1.100 m.kr.

5. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Vinna starfshóps

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs kynnti tillögu að nýju líkani jöfnunarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem unnið hefur verið fyrir endurskoðunarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að gera ekki athugasemd við að starfsmenn Jöfnunarsjóðs haldi áfram störfum við þróun nýs líkans með endurskoðunarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt ákvað nefndin að gera ekki athugasemdir við að tillögur starfshópsins verði lagðar fram í samráðsgátt stjórnvalda.

6. Fjármál sveitarfélaga

Staða og horfur

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs lagði fram til kynningar yfirlit yfir og stöðu og horfur fjármála sveitarfélaga. Safnað var saman útkomuspám sveitarfélaga fyrir árið 2022 og sett í samanburð við ársreikninga 2021 fyrir A-hluta.

Þar kom fram að heildartekjur og heildarútgjöld sveitarfélaganna eru að hækka í svipuðum hlutföllum, eða um 8%, en í krónum talið hækka tekjurnar aðeins meira sem skilar sér í betri framlegð. Verðbætur hækka þá um 10 ma.kr. milli ára. Samanlögð rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna er neikvæð um 16,7 ma.kr. samkvæmt útkomuspá.

7. Umsókn vegna þjónustu við flóttafólk

Reykjanesbær

Lag var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjanesbæjar, dags. 20. janúar 2023, þar sem óskað er eftir styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna mikillar aukningar á flóttafólki í sveitarfélaginu. Búseta flóttafólks er aðallega á gamla varnarsvæðinu í Reykjanesbæ og hefur

nemendum fjölgað um 40% á síðustu 2 árum og er sveitarfélagið í brýnni þörf fyrir endurbætur á skólahúsnæði vegna þessa. Skv. greinargerð sem fylgir nemur fjárþörf sveitarfélagsins vegna endurbóta á skólahúsnæði um 60 m.kr.

Nefndin nefnir að mikilvægt sé að fram komi á grundvelli hvaða reglugerðar eða lagaheimild framlagið yrði veitt ef það yrði samþykkt.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fresta erindinu til næsta fundar og fól starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið og á hvaða lagagrundvelli erindið yrði lagt fram.

FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS

8. Breytingar á regluverki framlaga vegna fatlaðs fólks

Umræða

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 7. febrúar 2023, varðandi mögulegar breytingar á fyrirkomulagi útreikninga almennra framlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks.

Breytingartillögurnar eru þrjár:

A. Greitt með fullorðnum einstaklingum án SIS mats líkt og þeir væru í 5. flokki.

Í kerfinu í dag (endanleg framlög 2022) er greitt með 1517 einstaklingum, þar af eru 1.262 með SIS mat og 255 án SIS mats. Af þeim 255 einstaklingum sem eru án SIS mats eru 134 fullorðnir (fæddir 2004 og fyrr) og 121 barn. Þar sem um einstaklinga án SIS mats gildir að horft er til uppgefins kostnaðar þjónustu við ákvörðun framlags er hvati í kerfinu til að halda einstaklingum með háan kostnað utan SIS mats. Breyting sem þessi býr til hvata til að einstaklingar fái SIS mat sem aftur ætti að leiða til réttlátrar skiptingar fjármagns og hagnýtingu matsins við þjónustu við þá einstaklinga sem um ræðir.

B. Greitt með börnum á grunni SIS mats barna.

Af þeim börnum sem greitt er með í dag hafa flest fengið SIS mat fyrir börn (SIS-C), var það hlutfall um 84% þegar síðast var gerð úttekt á því 2020. Þar sem svo mikill fjöldi hefur fengið SIS mat mætti notast við matið í stað kostnaðarupplýsinga til að ákvarða framlög vegna barna. Greiða mætti með

þeim börnum sem í dag hafa ekki fengið SIS mat líkt og þau væru í 5. flokki og koma þar með í veg fyrir hvata til þess að halda þeim utan við SIS mat.

C. Útvarstenging framlaga vegna fatlaðs fólks verði fjarlægð.

Í dag byggja framlögin á þremur stoðum: Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%), framlög á grundvelli eigin útsvars (10,75%) og framlög vegna innviða (1,25%). Útsvarið kemur svo aftur inn til frádráttar þegar áætluð eiginfjármögnun svæða er dregin frá reiknaðri útgjaldþörf þeirra. Nettó áhrifin eru tilfærsla framlaga frá svæðum með sterkari útsvarsstofn til svæða með veikari útsvarsstofn. Velta má upp þeirri spurningu hvort það sé æskilegt að almennt framlag vegna málefna fatlaðra sé með slíka jöfnunarkvæmi, sérstaklega í samhengi við vinnu við nýtt líkan Jöfnunarsjóðs. Þá myndi slík breyting einfalda framsetningu og auka gagnsæi framlagsins frá því sem nú er.

Fulltrúi Reykjavíkurborgar ítrekaði sjónarmið fulltrúa Reykjavíkurborgar sem fram kom á fundi ráðgjafarnefndar 15. desember sl. um sama málefni að sveitarfélag sem þjónustuveitandi geti ekki þvingað fatlaða einstaklinga í SIS mat. Einnig að sveitarfélög sem bera lögskylda ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk geti ekki dregið úr þjónustunni við þá einstaklinga sem hafa ekki farið í SIS mat skv. 3. gr. l.nr. 38/2018

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að fela starfsmanni að setja upp sviðsmyndir um hvaða áhrif slíkar breytingar hefðu á framlög til þjónustusvæðanna.

9. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Enduráætlun framlaga ársins 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2023.

Áætlunin gerir ráð fyrir því að framlög ársins nemi 27,4 milljörðum króna og hækki um 5 milljarða á milli ára.

Nokkrar breytingar verða milli 1. og 2. áætlunar 2023. Rétt er að benda á að 1. áætlun 2023 var gefin út í september 2022 en endanleg áætlun ársins 2022 var gefin út í desember 2022 eftir að sveitarfélögum/þjónustusvæðum hafði verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við drög að endanlegri áætlun. 1. áætlun 2023 byggir því á eldri gögnum en endanleg áætlun 2022 og því gefur réttari mynd að bera 2. áætlun 2023 saman við endanlega áætlun 2022. Samanburð áætlanna má sjá í fylgiskjali.

Notendur í meðfylgjandi áætlun eru í grunninn þeir sömu og á bak við endanleg framlög ársins 2022 að því undanskildu að teknir hafa verið út þeir notendur sem létust á fyrstu níu mánuðum ársins 2022. Frá fyrstu áætlun 2023 hefur farið fram leiðrétting vegna nýliðunar og endurmats notenda haustið 2022.

Greiðslur reiknast vegna 1.486 einstaklinga samanborið við 1.517 einstaklinga í endanlegum framlögum 2022 en nýliðun ársins 2023 á eftir að bætast við þann fjölda. Af þessum 1.486 er greitt með 1232 á grunni SIS mats og 254 á grunni kostnaðar.

Framlöggin reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar 88%
- Vægi útsvars 10,75%
- Innviðir 1,25

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2023 að fjárhæð 27,4 ma.kr.

10. Þekking og verklag vegna fatlaðs fólks með fíknivanda

Umsókn frá Reykjavíkurborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 14. desember 2022, þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna innleiðingar og uppbyggingar á sértækum stuðningi fyrir fatlað fólk með fíknivanda.

Í erindinu kemur fram að mikil fjölgun sé á fötluðum einstaklingum með fíknivanda og talið sé að fjöldinn muni aukast á komandi árum. Fram kemur að velferðarsvið Reykjavíkurborgar vinni nú að því að greina þarfir þessara einstaklinga og að settur hafi verið á laggirnar starfshópur sem hafi það hlutverk að finna lausnir að þeim mikla vanda sem við blasir.

Sótt er um framlaga að fjárhæð 30 m.kr. en í 4. gr. rgl. nr. 1291/2021 er heimild til að veita framlög til sveitarfélaga sem vinna að framþróunarverkefnum. Mikilvægt er að setja skilyrði um að verði af fjárveitingum sem þessum miðli sveitarfélagið niðurstöðum verkefnisins til annarra sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita Reykjavíkurborg framlag að fjárhæð 30 m.kr, með því skilyrði að sveitarfélagið miðli niðurstöðum verkefnisins til annarra sveitarfélaga. Jafnframt kom fram að framlagið verði greitt eftir framvindu verkefnisins og að sveitarfélagið skili greinargerð til sjóðsins þegar vinnunni verður lokið.

11. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Seltjarnarnesbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Seltjarnarnesbæjar, dags. 28. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna kaupa og uppsetningar á rafhurð til laugar í Sundlaug Seltjarnarness, sem og vegna lagningar á stömu yfirborði á tröppur í Sundlaug Seltjarnarness til að bæta aðgengi aldraðra og hreyfihamlaðra í laugina. Einnig var sótt um framlag vegna uppsetningar á rafdrifnum hurðaopnara við inngangshurð á bæjarskrifstofu.

Heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 3.653.405 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 1.826.703 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.826.703 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Garðabær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Garðabæjar, dags. 30. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna þriggja verkefna er snúa að endurbótum og viðhaldi húsnæðis fyrir fatlað fólk í Garðabæ að Sigurhæð 12, Ægisgrund 9 og Garðatorgi 7.

Heildarkostnaður nemur 26.703.024 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 13.351.512 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Garðabæjar geti numið 10.976.878 kr. Framlög vegna aðgengismála hafa ekki áður verið veitt til Garðabæjar. Því var lagt til að Garðabæ verði veitt hámarksframlag til úrbóta að aðgengismálum að fjárhæð 10.976.878 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 10.976.878 kr.. vegna framkvæmdarinnar.

Grindavíkurbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Grindavíkurbæjar, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna uppsetningar á snjóbræðslukerfi í stæði hreyfihamlaðra við bókasafn Grindavíkurbæjar og vegna niðurtektar á gangstéttarköntum á gönguleiðum sveitarfélagsins.

Heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 4.447.960 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a.- og b. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.238.980 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 2.238.980 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Reykholahreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykhólahrepps, dags. 15. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum.

Sótt var um framlag vegna kaupa á sundlaugalyftu fyrir sundlaugina á Reykhólum svo bæta megi aðgengi að lauginni.

Heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 1.980.757 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 990.379 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 990.379 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Vesturbyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Vesturbyggðar, dags. 2. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við bæjarskrifstofur Vesturbyggðar.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 7.915.535 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 3.957.768 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.957.768 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Kaldrananeshreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Kaldrananeshrepps, dags. 14. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við Grunnskóla Drangsness.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 6.000.000 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 3.000.000 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 3.000.000 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Húnaþing vestra

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Húnaþings vestra, dags. 28. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum. Sótt var um framlag vegna framkvæmda við grunnskólanna á Hvammstanga og íþróttamiðstöðvarinnar á Hvammstanga.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 3.934.370 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 1.967.185 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Norðurlands vestra geti numið 15.275.198 kr. Í samræmi við óskir þjónustusvæðisins hefur eyrnamerktu framlagi Norðurlands vestra verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda. Hluti Húnaþings vestra af heildarframlagi Norðurlands vestra er þá 2.529.020 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.967.185 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Sveitarfélagið Skagaströnd

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sveitarfélagsins Skagastrandar, dags. 28. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við stjórnsýsluhúsið á Skagaströnd.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 22.885.782 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 21.617.179 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Norðurlands vestra geti numið 15.275.198 kr. Í samræmi við óskir þjónustusvæðisins hefur eyrnamerktu framlagi Norðurlands vestra verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda. Hluti Sveitarfélagsins Skagastrandar af heildarframlagi Norðurlands vestra er þá 996.343 kr. Því var lagt til að Sveitarfélaginu Skagaströnd verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 996.343 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 996.343 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Múlaping

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Múlapings, dags. 22. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við Djúpavogskirkju.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 10.363.000 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 5.181.500 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Austurlands geti numið 11.735.220 kr. Eyrnamerktu framlagi Austurlands hefur verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda fatlaðra sem hljóta framlög vegna málefna fatlaðra í hverju sveitarfélagi. Hluti Múlapings af heildarframlagi Austurlands er

7.411.718 kr. en Múlaþingi hefur þegar verið veitt 4.466.155 kr. og því standa 2.945.563 kr. eftir. Því var lagt til að Múlaþingi verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 2.945.563 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 2.945.563 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Vopnafjarðarhreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Vopnafjarðarhrepps, dags. 22. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við skrifstofur sveitarfélagsins.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 18.662.180 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 9.331.090 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Austurlands geti numið 11.735.220 kr. Eyrnamerktu framlagi Austurlands hefur verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli fjölda fatlaðra sem hljóta framlög vegna málefna fatlaðs fólks í hverju sveitarfélagi. Hluttur Vopnafjarðarhrepps af heildarframlagi til Austurlands er því 617.643 kr. Því var lagt til að Vopnafjarðarhreppi verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 617.643 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 617.643 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 2. janúar 2023, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við ráðhús Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 27.647.225 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 13.823.613 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Sveitarfélagsins Hornafjarðar geti numið 4.620.205 kr. Sveitarfélaginu Hornafirði hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður. Því var lagt til að Sveitarfélaginu Hornafirði verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 4.620.205 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 4.620.205 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Sveitarfélagið Árborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sveitarfélagsins Árborgar, dags. 15-22. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við Sigtún 1 á Selfossi, barnaskólann á Eyrarbakka, og við vinnu- og hæfingarstöðinna VISS á Selfossi.

Heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 13.480.377 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 6.740.189 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Að beiðni Bergrisans bs. hefur framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluti Árborgar af heildarframlagi Suðurlands er 14.895.578 kr. Sveitarfélagið Árborg hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 6.740.189 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Rangárþing eystra

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Rangárþings eystra, dags. 21. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við vinnu- og hæfingarstöðinna VISS og Austurveg 4 á Hvolsvelli.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 28.792.985 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 14.396.492 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Að beiðni Bergrisans bs. hefur framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluti Rangárþings Eystra af heildarframlagi Suðurlands er 2.740.224 kr. Rangárþingi eystra hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður. Því er lagt til að Rangárþingi eystra verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 2.740.224 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 2.740.224 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Hrunamannahreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hrunamannahrepps, dags. 16. maí 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við Félagsheimili Hrunamannahrepps.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 5.868.000 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 2.934.000 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Að beiðni Bergrisans bs. hefur framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluti Hrunamannahrepps af heildarframlagi Suðurlands er 1.159.326 kr. Hrunamannahreppi hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður. Því er lagt til að Hrunamannahreppi verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 1.159.326 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 1.159.326 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Hveragerðisbær

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Hveragerðisbæjar, dags. 16. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við grunnskólann í Hveragerði.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 2.213.667 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 1.106.834 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Að beiðni Bergrisans bs. hefur framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluti Hveragerðisbæjar af heildarframlagi Suðurlands er 3.969.812 kr. Hveragerðisbæ hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 1.106.834 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 19. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við Þjórsárskóla.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 8.528.000 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 4.264.000 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Að beiðni Bergrisans bs. hefur framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluti Skeiða- og Gnúpverjahrepps af heildarframlagi Suðurlands er 843.146 kr. Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður. Því er lagt til að Skeiða- og Gnúpverjahreppi verði veitt hámarksframlag að fjárhæð 843.146 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 843.146 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Bláskógabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bláskógabyggðar, dags. 15. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum við íþróttamiðstöð sveitarfélagsins í Reykholti.

Áætlaður heildarkostnaður framkvæmdanna nemur 1.339.113 kr.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 669.557 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Að beiðni Bergrisans bs. hefur framlagi Suðurlands verið skipt á milli sveitarfélaga þjónustusvæðisins á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2021. Hluti Bláskógabyggðar af heildarframlagi Suðurlands er 1.616.030 kr. Bláskógabyggð hefur ekki verið veitt framlag vegna aðgengismála áður.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 669.557 kr. vegna framkvæmdarinnar.

Bergrisinn bs.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Bergrisans bs., dags. 30. desember 2022, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna úrbóta á aðgengismálum.

Sótt var um framlag vegna úrbóta aðgengismála við Nauthaga 2 á Selfossi en um er að ræða byggingu húsnæðis í eigu sjálfseignarstofnunarinnar Arnardrangurs sem öll aðildarsveitarfélög Bergrisans bs. standa að. Í húsnæðinu verður rekin sértæk þjónusta og öll hönnun og aðgengi því altæk/sértæk þar sem hugað er sérstaklega að aðgengi.

Áætlaður heildarkostnaður nemur 24.259.200 kr.

Kostnaður við verkefnið er umfram viðmið um stofnframlag og því er kostnaður vegna aðgengismála í verkefninu umfram samþykkt stofnvirði sem stofnframlag Jöfnunarsjóðs nær til, en Jöfnunarsjóður hefur þegar samþykkt stofnframlag að fjárhæð 14 m.kr. til verkefnisins skv. stofnvirði.

Sótt var um framlag á grundvelli a. liðar 3. greinar í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 12.129.600 kr.

Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Suðurlands geti numið 35.131.081 kr. Bergrisinn bs. hefur óskað eftir því að það fjármagn sem eyrnamerkt var Suðurlandi, sem eftir stendur þegar búið er að taka fyrir umsóknir sveitarfélaganna verði veitt til þessa framkvæmda. Eftirstandandi fjármagn til Suðurlands er 18.681.897 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að synja umsókn Bergrisans bs. þar sem Jöfnunarsjóður hafi áður veitt verkefninu stofnframlag á móti því framlagi sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnuna ákvað að veita. Jafnframt taldi nefndin að hún geti ekki samþykkt að veita framlag vegna úrbóta á aðgengismálum þar sem um nýbyggingu er að ræða.

Áframhald átaksverkefnis

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmann Jöfnunarsjóðs, dags. 24. janúar 2023, varðandi framhald átaks í úrbótum á aðgengismálum fyrir fatlað fólk.

Í mars 2021 ýtti innviðaráðherra átaki í úrbótum á aðgengismálum fyrir fatlað fólk úr vör. Átakið fól meðal annars í sér að innviðaráðherra veitti Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs heimild á árunum 2021 og 2022 til þess að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að eftirtöldum verkefnum:

- A. Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- B. Úrbætur þannig að biðstöðvar almenningsgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
- C. Úrbætur sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Lagt er til að átaki í úrbótum á aðgengismálum fyrir fatlað fólk verði framlengt til árunna 2023 og 2024. Upprunaleg upphæð átaksins hefur verið framreiknuð á grundvelli byggingarvísitölu og neysliverðsvísitölu, en það gefur 415 m.kr. Því er lagt til að Fasteignasjóði verði heimilt að úthluta samtals 415 m.kr. í framlög vegna úrbóta á aðgengismálum á árunum 2023 og 2024.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framhald átaks í úrbótum á aðgengismálum fyrir fatlað fólk og að Fasteignasjóði verði heimilt að úthluta framlögum að fjárhæð 415 m.kr. vegna átaksins á árunum 2023 og 2024.

12. Fundartímar

Næsti fundur ráðgjafarnefndar verður föstudaginn 3. mars n.k. kl. 10.00.

13. Ferð ráðgjafarnefndar árið 2023

Nefndin ræddi ferð ráðgjafarnefndar árið 2023. Fram kom sú tillaga að ráðgjafarnefndarferð ársins 2023 verði farin á Suðurland og að hún verði farin 7-9 júní.

Ekki var meira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.34

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir